

AUGLÝSING

um nýtt fasteignamat.

Samkvæmt ákvæðum 26. gr. 1. nr. 94/1976 um skráningu og mat fasteigna hefur yfirfasteignamatshnefnd ákveðið framreikningsstuðla fyrir skráð matsverð fasteigna á öllu landinu með hliðsjón af breytingu verðlags fasteigna við kaup og sölu frá síðasta viðmiðunartíma matsins fram til 1. nóvember s. l. Hefur nefndin ákveðið að framreikningsstuðull fyrir matsverð fasteigna skuli vera 5,5. Þó mun hækkunin verða nokkru meiri í einstökum sveitarfélögum en hin almenna hækkun matsins, eða allt að 6,5 og í fáeinum sveitarfélögum verður hækkunin nokkru lægri, eða 5,0. Hækkun ákveðinna tegunda fasteigna verður þó 4,5 og gildir það hvar sem er á landinu.

Á vegum Fasteignamats ríkisins hafa verið samdar nýjar fasteignamatsskrár, þar sem matsverð einstakra fasteigna er skráð skv. þeim framreikningsstuðlum, sem ákveðnir hafa verið fyrir einstök sveitarfélög og með hliðsjón af þeim afskrifstarreglum, sem gilda um hinar ýmsu tegundir fasteigna. Hefur fjármálaráðherra staðfest heildareintak hins nýja fasteignamats, eins og það er ákveðið með ofangreindum hætti. Fasteignamatsskrár liggja frammi til sýnis á skrifstofu Fasteignamats ríkisins, Lindargötu 46, Reykjavík. Jafnframt verður eigendum fasteigna send sérstök tilkynning um breytingu á matsverði viðkomandi fasteigna.

Með vísan til l. nr. 94/1976, ákvæðis nr. I til bráðabirgða, tilkynnir ráðuneytið hér með, að nýtt matsverð fasteigna, sem ákveðið er með ofangreindum hætti og fram kemur í staðfestum skráum Fasteignamats ríkisins, tekur gildi frá og með 31. desember 1976.

Með auglýsingu þessari fellur úr gildi auglýsing nr. 246/1971 frá 20. desember þess árs.

Fjármálaráðuneytið, 21. desember 1976.

Matthías Á. Mathiesen.

Gunnlaugur Claessen.

19. nóvember 1976.

Nr. 413.

GJALDSKRÁ

um heimtaugargjöld til Rafmagnsveitna ríkisins í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum, tengd veitusvæðum Rafmagnsveitnanna og með fasta íbúatölu 50 eða fleiri, samkvæmt skrá Hagstofu Íslands á hverjum tíma miðað við áramót.

Heimtaugargjöld.

1. Rafmagnsveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtauga eða spennistöðva fyrir hverja húsveitu.
- 1.1 Umsækjandi heimtaugar skal á heimtaugarumsókn gera grein fyrir væntanlegri raforkunotkun næstu 5 árin, ásamt gerð og notkun húsnæðis. Teikning af húsnæðinu fylgi heimtaugarumsókn. Heimtaugargjald skal greitt að fullu áður en verk er hafið.
2. Ein heimtaug er lögð að eign eða eignum á hverri lóð og greiðist heimtaugargjald af hverri heimtaug eða spennistöð sem hér segir: